



FUNDARGERÐ 463. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 14. janúar 2022. Fundurinn er settur klukkan 14:15. Fundurinn er fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Bjarni Torfi Álfþórsson, Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Kristinn Andersen og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, Ruth Einarsdóttir rekstrarstjóri Góða hirðisins og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja fjarfund.

Tekið fyrir

1. Yfirferð lögmanna SORPU á dómi héraðsdóms í máli ÍAV gegn SORPU.

Ólafur Eiríksson lögmaður og Haraldur Flosi Tryggvason Klein, ráðgjafi stjórnar, tengjast fundinum með fjarfundarbúnaði í upphafi fundar. Ólafur gerir grein fyrir niðurstöðu dómsins.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU bs. felur Ólafi Eiríkssyni að áfrýja niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur til Landsréttar.“

Ólafur Eiríksson aftengist fundi klukkan 15:04.

2. Húsnæðismál skrifstofu SORPU og Góða hirðisins

Framkvæmdastjóri, rekstrarstjóri Góða hirðisins og samskipta- og þróunarstjóri gera grein fyrir stöðu húsnæðismála Góða hirðisins.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU áréttar mikilvægi þess að Góða hirðinum verði fundið gott húsnæði til að styðja við innleiðingu hringrásarhagkerfisins og byggja upp nauðsynlega innviði til þess.“

Ruth Einarsdóttir og Haraldur Flosi aftengjast fundinum klukkan 15:50.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:57.